



Atvinnuþróunarfélag  
Pingeyinga hf.



BYGGÐASTOFNUN



NORDURÞING



# ÁRSSKÝRSLA 2018

## ÖXARFJÖRÐUR Í SÓKN

Netfang: [lotta@atthing.is](mailto:lotta@atthing.is)

Heimasíða: [www.nordurthing.is/oxarfjordur](http://www.nordurthing.is/oxarfjordur)

Sími: 849-4411

Bakkagötu 8, 670 Kópaskeri

# EFNISYFIRLIT

1. Almennt .....	3
2. Verkefnisstjórn ÖÍS .....	3
3. Íbúafundir .....	3
4. Námskeið og fræðsla .....	4
5. Styrkt verkefni á árinu 2018 .....	4
6. Samantekt frá Charlottu .....	5
7. Samantekt frá Bryndísi .....	6

# SAMANTEKT FRÁ ÁRINU 2018

## Almennt

Verkefnisstjóranskipti urðu í lok árs 2017 en þá tók Bryndís Sigurðardóttir við af Silju Jóhannesdóttur sem verkefnisstjóri *Öxarfjarðar í sókn*. Þó urðu frekari breytingar þegar leið á árinu 2018, því síðsumars bauðst Bryndísi staða sveitarstjóra á Tálknafirði sem hún eftir þó nokkra umhugsun ákvað að taka að sér. Var þá ákveðið að ráða Charlottu Englund í stöðu verkefnisstjóra *Öxarfjarðar í sókn* í september 2018. Charlotta sat fram að því í verkefnisstjórn sem annar fulltrúi íbúa. Almennt hefur starfið gengið vel á árinu og er vinna við mörg starfsmarkmið að þokast áfram í rétta átt. Má sjá fyrir endann á nokkrum stórum verkefnum svo sem Dettifossvegurinn, en miklar líkur er til þess að hann klárast á næstunni, lagning ljósleiðara er vel á veg komin og verður haldið áfram að leggja á árinu 2019. Jafnframt er mikil gróska í styrktum verkefnum á vegum ÖÍS, en eru þar mörg og afar fjölbreytt verkefni í fullum gangi, en gerð verður grein fyrir þeim hér að neðan.

## Verkefnisstjórn Öxarfjarðar í sókn

Það varð ljóst í september við ráðningu Charlottu í stöðu verkefnisstjóra *Öxarfjarðar í sókn* að það vantaði nýjan fulltrúa íbúa í verkefnisstjórn verkefnisins. Með tilliti til kynjahlutfalla stjórnarinnar var einnig ljóst að æskilegt væri að sá aðili væri kona, en fyrir sat fulltrúi íbúa frá Kópaskeri í stjórninni og því lá beinast við að fá manneskju búsetta í Kelduhverfi, vestasta hluta Öxarfjarðarhéraðs. Salbjörg Matthíasdóttir bóndi og ferðaþjónustuaðili í Kelduhverfi tók þetta að sér. Nokkrar aðrar breytingar urðu á verkefnisstjórn ÖÍS þar sem Pétur Þór Jónasson fulltrúi Eypings í stjórninni fór í veikindaleyfi á árinu og í hans stað situr til afleysingar Páll Björgvin Guðmundsson þegar þetta er ritað. Alls voru haldnir fimm verkefnisstjórnarfundir á árinu.

## Íbúafundir

Einn íbúafundur var haldinn 29. janúar á árinu 2018 og var sá haldinn í Lundi í Öxarfirði. En þar var m.a. á dagskrá kynning nýs verkefnisstjóra ásamt kynningu nokkurra sprotaverkefna. Þá var að lokum farið í að endurskoða/meta starfsmarkmið ÖÍS fyrir komandi ár. Vel tókst til og var endurskoðuð „*framτίðarsýn og markmið*“ skýrsla birt í kjölfarið [http://www.atthing.is/wp-content/uploads/2018/12/Framt%C3%AD%C3%B0ars%C3%BDn\\_Meginmarkmi%C3%B0-jan%C3%BAar-2018.pdf](http://www.atthing.is/wp-content/uploads/2018/12/Framt%C3%AD%C3%B0ars%C3%BDn_Meginmarkmi%C3%B0-jan%C3%BAar-2018.pdf)

## Námskeið og fræðsla

Verkefnisstjórar verkefnisins hafa á árinu sótt námslotur á Borgarfirði og í Hrísey á INTERFACE. En INTERFACE er **Erasmus+** samstarfsverkefni sem Byggðastofnun leiðir en samstarfsaðilar eru Háskólinn á Bifröst og stofnanir í Búlgaríu, Grikklandi, Írlandi og Ítalíu. Skammstöfunin INTERFACE vísar til verkefnisheitisins á ensku, „*Innovation and Entrepreneurship for Fragile Communities in Europe*“. En þar er byggt á aðferðum markþjálfunar í eflingu einstaklinga og samfélaga.

### Helstu viðfangsefni og markmið verkefnisins eru að:

- skilgreina og velja byggðarlög sem hafa átt undir högg að sækja í löndum samstarfsaðila (m.a. vegna fólksfækkunar og einhæfni og/eða samdráttar í atvinnulífi) en hafa möguleika á að styrkja stöðu sína með aðgerðum verkefnisins.
- skilgreina hæfniþarfir íbúa, landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélaga fyrir viðkomandi byggðarlag með það að markmiði að auka hæfni til sjálfbærrar atvinnuuppbyggingar sem hefði jákvæð áhrif á byggðarlagið.
- þjálfa einstaklinga í að nýta aðferðir markþjálfunar og samfélagsþróunar til að aðstoða aðra innan byggðarlagsins sem og að skipuleggja og halda vinnustofu til að auka færni íbúa til þess að takast á við ýmis verkefni innan byggðarlagsins.
- heimfæra árangur verkefnisins yfir á önnur byggðarlög og lönd til að hámarka árangur alþjóðlega samstarfsins og styðja við uppbyggingu brothættra byggðarlaga um alla Evrópu

Lokaverkefni námsins er að viðkomandi verkefnisstjóri haldi íbúafund á sínu starfssvæði þar sem aðferðarfræði INTERFACE verður notuð.

## Styrkt verkefni á árinu 2018

Sjö milljónir voru til ráðstöfunar 2018 og metfjöldi umsókna barst eða nánar til tekið tólf umsóknir og fengu níu þeirra framgang. Voru ábyrgðaraðilar flestra verkefna búnir að skila lokaskýrslum í lok árs 2018 og framgangur allra verkefnanna góður. Sum hver hafa m.a. leitt til annarra stærri verkefna. Eftirfarandi verkefni hlutu styrki á árinu.

- Áfangastaðþing á vegum Norðurhjara
- Kynnisferð á vegum Norðurhjara
- Bakkaböð á Kópaskeri
- Fuglatalningar og aflestur merkja
- Hestasumarbúðir
- Sólstöðuhátíð á Kópaskeri

- Kantarellur í Núpasveit
- Hótel Sandfell
- Nýting viltra jurta

## Samantekt frá Charlottu

Helstu verkefni okt-des 2018 og það sem stóðu upp úr.

- Fyrstu vikurnar fóru að sjálfsögðu í aðlögun verkefnisstjóra að starfinu.
- Frá miðjum september til miðs nóvember má segja að hafi verið háannatími í styrkjámálum. Má nefna að Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra, Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, framlög úr stefnumótandi byggðaáætlun, pottum C1 og A9, eru með umsóknarfrest á því tímabili. Fór því mikill tími í gerð umsókna ásamt stuðningi við frumkvöðla í umsóknarferlinu.
- Mjúk ull, yfirfærsla verkefnisins til framkvæmdaaðila ásamt stuðningi við þau.
- Fyrstu skrefin tekin í landbúnaðarmálum svæðisins í samstarfi við Fjallalamb.
- Fullveldishátíð á Kópaskeri.
- Gerð húsnæðisskýrslu.
- Fjárfestakynning í lok september þar sem nokkrir frumkvöðlar af svæðinu fengu tækifæri til þess að kynna sín verkefni.
- Mikil áhersla lögð á kynningu, sjá nánar hér að neðan.



Þessi upptalning er langt í frá tæmandi og vann verkefnisstjóri markvisst að því að koma öllum starfsmarkmiðum verkefnisins í ferli fyrir árslok 2018. Tókst vel til með það þó mörg séu bara á byrjunarreit eða skammt á veg komin og mikil vinna framundan í eftirfylgni.

### Kynning verkefnisins

Kynning fór fram í ráðum Norðurbings, hverfisráðum svæðisins og á fundi með þingmönnum Norðausturkjördæmis. Í lok árs var lögð sérstök áhersla á að vekja athygli sem flestra íbúa á verkefninu með reglulegum kynningum á styrktum verkefnum á vegum ÖÍS á fésbókar-og heimasíðu verkefnisins. Stefnt er að því að gera enn betur á komandi ári og kynna verkefnið og framvindu þess reglulega allt árið.

## Samantekt frá Bryndísi

### Hreinsun garðyrkjudeildar og gróðursetning

Kópasker virðist út undan hjá garðyrkjudeild Norðurbings en ég lagði í nokkra þraspósta til að fá deildina í þorpið til að gera fínt fyrir bæjarhátíðina. Það gekk og hingað kom her manns sem reitti og sló og plantaði fallegum sumarblómum. Fáliðuð garðyrkjudeild getur ekki haft þá dagskipan að hún sinni ekki jaðarbyggðum fyrr en öllum verkefnum



sé lokið á Húsavík og vonandi gefst henni tækifæri til að gera fínt á Húsavík fyrir Mærudaga, sömuleiðis vona ég að aftur verið slegið og hreinsað hér í þorpinu á þessu sumri.

### Slæm umgengni um þorpið

Ég hef gengið um Kópasker og myndað númerslaus bílhræ, gáma í misvöndu ástandi og aðrar ruslahrúgur og mun ég í samstarfi við Nönnu á Raufarhöfn skila ítarlegri skýrslu til Norðurbings og heilbrigðiseftirlitsins innan tíðar og óska eftir hreinsunarátaki í þorpinu. Sérstaklega er ástandið óviðunandi á „Röndinni“ en íbúagötur og lóðir við þær eru almennt mjög snyrtilegar.

### Ruslamál

Flokkun sorps er áhugaefni marga enda ástandið á þeim málum hér á Kópaskeri ekki til fyrirmyndar. Nú standa yfir samningaviðræður milli verktaka og sveitarfélagsins fyrir næstu ár og vonandi næst þar metnaðarfull niðurstaða. Á fyrirtækjadegi Sólstöðuhátíðar sýndi Stefán Haukur n.k. moltuapparat sem lofar góðu og einhverjir íbúar hafa pantað fyrir sig. Þetta mun minnka sorpurðun/akstur eitthvað en örugglega hægt að gera betur.



### Fjölmiðlar

#### Facebook og Öxarfjordur.is

Liður 3.3 í stefnuskjalinu fjallar um lifandi vefsíðu fyrir svæðið og þar hefur oxarfjordur.is verið tekin til kostanna en hún er á vefsvæði Norðurbings. Áhugahópur um lifandi vefsíðu hefur hist einu sinni og er planið að endurvekja hann aftur í haust og skipuleggja vinnu við vefinn. Facebook síðan Gaman saman



gegnir mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun á svæðinu sem og facebook síðan Fréttasíða austan Tjörnes. Öxarfjörður í sókn hefur svo sína eigin facebook síðu.



### **Melar í Landandum**

Tekið var ítarlegt viðtal við Hildi Óladóttur í Landanum í vetur, þar var uppbygging hennar á elsta íbúðarhúsi Kópaskers mynduð og rædd í þau. Hildur kom því samviskusamlega á framfæri að verkefnið hefði verið hlotið góða styrki frá Öxarfirði í sókn.



### **Óheimil notkun bönnuð**

Guðmundur Örn Benediktsson stillti upp afar áhugaverðri sýningu í fjöruborðinu við þorpið þar sem hann hefur stillt upp rusli og drasli úr hafinu. Þessi sýning hefur fengið verðskuldaða athygli og hefur RUV tekið við hann viðtal og tekið myndir, eftir því sem best er vitað hefur viðtalið ekki birst ennþá (haust 2018/CE).

### **Annað smálegt**

- Námskeið á vegum Þekkingarnetsins fyrir íbúa Kelduhverfis.
- Kynningarfundur Horizon 2020 á Akureyri
- Mætt tvisvar á fund Byggðaráðs
- Fundur með Gunnari Hrafni Gunnarssyni Norðurþingi
- Verkefnalok Raufarhafnar og framtíðarinnar, fundur á Raufarhöfn
- Fundur með Víkingi Björnssyni Fjallalambi
- Fundur með Halldóru Gunnarsdóttur Norðurhjara
- Íbúafundur og endurvinnu á markmiðum
- Heimsótt Gilhaga, Sandfell, Sandfellshaga, Hjarðarás, Ærlæk
- Bréf til þingmanna kjördæmisins

- Bréf til oddvita allra framboða í Norðurþingi
- Heimsótt verkefnisstjóra brothættra byggða á Borgarfirði eystra og Skaftárhreppi
- Stjórnarfundur Skjálftafélagsins
- Fundur með heimasíðuhóp
- Fundur með Elvari á Grímstöðum á fjöllum
- Heimsótti Brúnagerði í Fnjóskadal vegna ullarverkefnis
- Heimsótti spunaverksmiðjuna Uppspuni í Rangárvallasýslu
- Fundur um orkumál á Akureyri
- Uppskeruhátíð Eims
- Aðstoð við upptökur á Landanum
- Vorfundur Byggðastofnunar
- FREE ráðstefna Sauðárkróki
- Stjórnarfundur og aðalfundur AP